

# STF-tíðindi

## Öflugt félag á Akureyri

Berg – félag stjórnenda á Akureyri varð 80 ára í janúar sl. Af því tilefni er stiklað á stóru í upphafssögu Verkstjórafélags Akureyrar og nágrennis.

Sjá bls. 20



## Samvinna forsenda árangurs

Ítarlegt viðtal við Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóra STF og nýkjörinn forseta sambandsins. „Ég vil sjá aukna samvinnu og samstarf félaga á milli, hvort sem þau eru færri eða fleiri. Mér finnst skynsamlegt að sameina sum minni félaganna í öflugri heildir en þá þarf líka að gæta þess að slíta ekki félagsleg tengsl á landsbyggðinni.“

Sjá bls. 6



## Stutt og hnitmiðað þing

39. sambandsþing STF var haldið í haust. Tíðindamaður blaðsins smelti af nokkrum myndum.

Sjá bls. 10



## Hvað varð um Hedtoft?

Örlög skipanna Titanic og Grænlandsfarsins Hans Hedtoft eru um margt lík en bæði fórust í jómfrúarferðum sínum.

Sjá bls. 18

# Störfum sem ein heild



Jóhann Baldursson, forseti og framkvæmdastjóri STF

Ég vil byrja á að þakka fyrir nýliðið þing sem loksins varð að veruleika, einnig vil ég þakka fyrir þann góða stuðning sem ég fékk í forsetakjöri STF. Búið var að fresta þinginu ítrekað vegna covid en að lokum var ákveðið að halda eins dags þing og afgreiða nauðsynlegustu mál sem ekki var hægt að fresta lengur.

Það má segja að þingið hafi tekist vel. Ég tel hins vegar að skoða verði hvernig menn sjá fyrir sér þingin í framtíðinni, hvort þurfi að hafa tveggja daga þing til að geta unnið úr málefnum sem upp koma eins og stefnumótun STF og félaganna í framtíðamálum þeirra o.fl.

## Í fararbroddi á sumum sviðum

Það brenna á mér ýmis mál og þá aðallega að félögin leggist á eitt og starfi saman sem ein heild. Við það tel ég að þau verði sterkari og öflugri til að takast á við krefjandi verkefni í framtíðinni. Ég tel að stjórnendafélögin og STF eigi verk fyrir höndum við að samræma félögin og þar af leiðandi uppfylla þarfir félaga og færa okkur upp á stall fyrirmyndar félagsskapar. Undanfarin ár hefur heilmikið verið gert í þessa átt og erum við í fararbroddi á sumum sviðum en enn vantar upp á, til dæmis að nýr félagi geti sótt um rafræna inngöngu í félagsskapinn og fengið sömu þjónustu stjórnendafélaga, óháð hvar á landinu hann býr og hvaða stjórnendafélag hann kys sér. Félögin veita mjög mismunandi þjónustu en í dag heldur STF utan um sjúkrasjóðinn, menntasjóðinn og skilagreinar fyrir félögin. Þar fá allir sömu þjónustu – óháð búsetu og félagsaðild. Sóknarfæri stjórnendafélaga innan raða STF eru mörg.

## Bætt samskipti og markvissara samstarf

Í dag eru ellefu aðildafélög sem starfa ein og sér og misstór, þar af leiðandi eiga þau erfitt með að sinna þörfum hins almenna félagsmanns varðandi það sem nútíminn biður um og þarf að uppfylla sem félag. Það er engin spurning um að hvar sem menn eru á landinu fara þarfir félagsmanna saman. Um er að ræða íþróttastyrki, háklassa sumabústaði/íbúðir, fræðandi fundi og námskeið fyrir félaga, til dæmis að kynna félagsskapinn og sækja nýja félaga, samræming í úthlutunum á sumarhúsum, íbúðum o.fl.

Ekki má gleyma þeim eldri og sér í lagi þegar fer að liða að starfslokum, þá þarf að upplýsa félaga um réttindi þeirra og hjálpa til við að rata um þann frumskóg sem lífeyrismálin eru. Það hefur margt gerst í þessa veru til að koma okkur áleiðis, eins og rætt var mikið á þinginu á Akureyri 2013, en betur má ef duga skal.

## Sjálfbóðaliðastarf á undanhaldi

Kynningar- og menntafulltrúi okkar, Eypór Óli Frímansson hefur komið sterkur inn í að kynna félagsskapinn þann stutta tíma sem hann hefur starfað. Við höfum sett greinar og auglýsingar í bæjarblöð hringinn í kringum landið og minnt á félögin á staðnum. Einnig er ný heimasíða að líta dagsins ljós o.fl. Hefur Eypór stýrt þessu af festu og útsjónarsemi. Ég vona að félögin sjái sér hag í að notfæra sér það sem önnur félög eru að gera vel og nýti sér kynningarfulltrúa STF til að hjálpa sér í krefjandi verkefnum sem félögin eru að fást við og miðli sín á milli góðum hlutum. Verkefni vetrarins eru að marka stefnu til næstu ára, hvert við stefnum og að styrkja félögin með samstarfi og jafnvel sameiningum því það hlýtur að létta undir að stækka félögin. Í dag er allt sjálfbóðastarf á undanhaldi og verður að vera hægt að umbuna fyrir unnið starf til að hlutirnir gangi upp; byggja upp starfið og í leiðinni mun ánægjuvogin stíga upp hjá félögum.

## Sjúkrasjóðurinn til hjálpar

Ég verð að segja, að ég lít björtum augum á framtíðina og vona að hugur félagsmanna sé að bæta og auka það sem við gerum fyrir félaga okkar og auka samstarf og samehdni svo við litum sterkar út sem ein heild. Rekstur STF hefur gengið vel þrátt fyrir erfiða tíma sem vonandi eru að baki en mikið fjárstreymi var úr sjúkrasjóði í covid. Í dag er komið jafnvægi á hlutina. Það verður að segjast eins og er að notalegt er að hafa svo góðan sjóð sem sjúkrasjóður er hjá okkur og geta hjálpað félögum okkar á erfðum tímum. Það má þakka þeim sem fóru með stjórn sambandsins hér áður fyrir að safna í svo góðan höfuðstól sem raunin er en við höfum verið lánsöm að hafa haft góða ávöxtun á sjóðum STF og samsetning á eignastýringunni okkar hefur verið á réttu róli. En það þarf að vera vakandi, því hlutir geta breyst hratt.

## Þakkir til Skúla

Við þetta tækifæri vil ég þakka Skúla Sigfúsi Sigurðssyni, fráfarandi forseta og kynningarfulltrúa fyrir frábært samstarf og að hafa stýrt sambandinu af festu og röggsemi undanfarin ár. Ég óska honum og hans fjölskyldu velfarnadár í Noregi.

Að lokum, félagar góðir og fjölskyldur, óska ég ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með von um bjarta framtíð og góða samvinnu. ■




## ÞÍN SÉREIGN

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnaður og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri.

Tökum dæmi\*: Ef þú ert með 650.000 kr. í mánaðarlaun og byrjar að safna í séreign þegar þú ert 25 ára og tekur út sparnaðinn þegar þú verður 67 ára, gætir þú verið búinn að safna um **44** milljónum króna.

**7** milljónir er  
framlag launagreiðanda

**13** milljónir er  
framlag þitt



**24** milljónir er  
ávöxtun á tímabilinu  
(miðað við 3,5% væntaávöxtun)

*\*Upplýsingarnar eru settar fram í dæmaskyni en eign sjóðfélaga fer eftir iðgjöldum ogávöxtun yfir tímabilið.*

Kynntu þér málið á [birta.is](http://birta.is)

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000



# BIRTA

LÍFEYRISSJÓÐUR



Símenntun Háskólans á Akureyri hefur gert samning við STF og SA um að annast stjórnendanámið næstu sex árin.

Símenntun Háskólans á Akureyri

# Nýr samningur um stjórnendanámið

**N**ýr samningur um kennslu á stjórnendanáminu var endurnýjaður í sumar og mun Símenntun Háskólans á Akureyri sem fyrr annast kennslu og rekstur stjórnendanámsins. Samningurinn er til næstu 6 ára. STF hefur ráðið Þór Clausen sem ráðgjafa af sinni hálfu varðandi námið en hann er gríðarlega reynslumikill í kennslustjórn og námsskipulagningu. Yfirumsjón með náminu af hálfu Símenntunar hefur Stefán Guðnason.

„Við erum mjög glöð með að hafa tryggt að fjarnámið verði áfram í hæstu gæðum og í góðum höndum. Stjórnendanámið hefur tekið breytingum ár frá ári í takt við þarfir atvinnulífsins hverju sinni og er mikil ánægja hjá

nemendum sem hafa tekið þátt,“ segir Eyþór Ólafur Friðmannsson, kynningar- og menntafulltrúi STF.

„Við erum svo sannarlega stolt af því að getað boðið uppá svona glæsilegt nám. Við heyrum líka hjá fyrir-tækjum að þau uppskera ríkulega og fá til baka hæfari stjórnendur. Nokkur fyrirtæki setja það raunar sem skilyrði að stjórnendur og verðandi stjórnendur þeirra sæki stjórnendanámið. Kennarar sem ráðnir hafa verið undanfarið eru stór nöfn í atvinnulífinu með góða þekkingu. Þeir namar sem ég hef heyrt í hrósa því allir og sagði vinur minn við mig að honum fyndist loksins orðið gaman að vera í skóla. Það eru mikil meðmæli.“ ■



STF-tíðindi - 71. árgangur | Desember 2021

ISSN 2547-7366

Útgefandi: Samband stjórnendafélaga

Ritstjóri: Jóhann Baldursson (ábm).

Úmsjón, umbrot og auglýsingar: Ritform ehf.

Prentun: Litróf

Dreift til félagsmanna aðildarfélaganna Sambands stjórnendafélaga og á fjölda vinnustaða um land allt.



# Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur



**saeplast**<sup>®</sup>

Til liðs við húseigendur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

**Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.**

**saeplast**<sup>®</sup>



# Samvinna er forsenda árangurs

Rætt við Jóhann Baldursson, forseta og framkvæmdastjóra STF

Ég vil fá að byrja á því að þakka fyrir það traust sem ég naut á síðasta sambandsþingi með því að vera kjörinn í það virðulega og krefjandi starf sem forsetinn gegnir. Ég tel til bóta að hafa forseta STF á skrifstofu sambandsins til að hann geti verið inni í öllum málum og svarað fyrir það sem fer fram hjá sambandinu, bæði út og inn á við. Framundan eru fjölmörg verkefni sem ég hlakka til að takast á við í samstarfi við góða félagala um land allt,“ segir nýkjörinn forseti Sambands stjórnendafélaga, Jóhann Baldursson.

## Traustur bakhjarl

Jóhann Baldursson hefur lengi verið viðloðandi samtök

verkstjóra en hann hóf sinn feril hjá Verkstjórafélagi Reykjavíkur sem síðar varð Brú, félag stjórnenda. „Þetta er eins og gengur; maður rífur stöku sinnum kjaft og áður en varir er maður kosinn í stjórn. Ég var fljótlega kjörinn gjaldkeri og endaði ferilinn hjá Brú sem formaður félagsins. Þar átti ég góð ár enda frábært starf unnið á vegum þess félags sem byggir á traustum grunni sem var lagður á sínum tíma með stofnun Verkstjórafélags Reykjavíkur árið 1919.“ Samhliða stjórnarstörfum hjá Brú hlóðust ýmis störf á herðar Jóhanns á vegum Verkstjórásambandsins en hann þekkir vel til rekstrar þess eftir að hafa verið gjaldkeri VSSÍ um árabíl og nú framkvæmdastjóri frá 2016.



Jóhann Baldursson, forseti og framkvæmdastjóri STF. „Ég vil sjá aukna samvinnu og samstarf aðildarféлага og jafnvel sameiningu – en huga verður að því að slíta ekki félagsleg tengsl á landsbyggðinni.“

Linde Material Handling

*Linde*



Handlyftivagnar  
málaðir, galvaniseraðir og ryðfrír



Manitou skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo  
Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar  
Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



Linde lyftarar



**Íslyft ehf**

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur  
Sími 564 1600 - [islyft@islyft.is](mailto:islyft@islyft.is)



Erna skrifstofustjóri og Jóhann framkvæmdastjóri á skrifstofu STF í Kópavogi.

„Samband stjórnendafélaga hefur mikilvægu hlutverki að gegna og við reynum stöðugt að upplýsa félagsmenn um rétt þeirra og hvað þeir geti sótt hingað, t.d. þegar eitthvað bjátar á. Sjúkrasjóðurinn er okkar stolt og traustur bakhjarl en einnig er hér veitt lögfræðipjónusta ef á þarf að halda, stjórn og samninganefnd sambandsins hefur með höndum samningamál og við veitum daglega aðstoð við túlkun kjarasamninga, hér er haldið utan um orlofsbústaði félaganna í gegnum Frímann og þannig má áfram telja. Það má segja að allt okkar starf miðist að því að vera til staðar og halda sem mest utan um okkar félagsmenn, hvort sem er í mótlæti eða meðbyr,“ segir Jóhann Baldursson.

### Kynningarstarfið eflt

Markvisst hefur verið að því unnið að fjölga félagsmönnum í aðildarfélögum STF og ótrúlega mikill árangur unnist í þeim efnunum. „Ég tel ekki vafa á að enn eru utan okkar raða fjölmargir stjórnendur sem ættu hiklaust að ganga í eitthvert okkar félag. Félögin þurfa að einbeita sér að því að auka tengslin við hinn almenna félagsmann og beina sjónum til stjórnenda á sínu svæði, sem enn eru utan félagsins, að slást í hópinn. Sum félög hafa staðið sig afar vel í því að fjölga félagsmönnum og vil ég sérstaklega hrósa forsvarsmönnum Brúar í Reykjavík og Bergs á Akureyri fyrir góðan árangur í þeim efnunum. Ég vil líka hvetja önnur félög til að fá hjálp frá nýjum kynningafulltrúa STF og nota jafnframt nýja appið okkar til að gera stuttar skoðanakannanir á sínu svæði svo hægt sé að koma á mótis við og uppfylla væntingar og kröfur þeirra sem hafa kosið að starfa með okkur.“

Forseti og framkvæmdastjóri STF þarf eðli málsins samkvæmt að sinna mörgu á sinni daglegu vakt og eitt af því er að halda góðu sambandi við einstök félög úti um landið og forystumenn þeirra. „Þetta hefur verið viðamikill þáttur í starfi okkar hér á skrifstofunni en hlé var auðvitað gert á slíkum heimsóknunum þegar covidveiran hóf innreið sína. Um leið og hún hefur verið brotin á bak aftur er meiningin að heimsækja fjölda vinnustaða til að kynna sambandið og þjónustu þess. Við höfum fengið til okkar öflugan kynningar- og menntafulltrúa sem tekur starf sitt föstum tókum og við verðum vel nestuð þegar við fáum tækifæri til að reka okkar áróður fyrir ágæti aðildar að stjórnendafélagi. Fleiri félagsmenn þýða jú enn sterkari samþykkingu sem þá geta unnið enn betra starf fyrir sína umbjóðendur.“

### Vakandi í menntamálunum

Við vikjum talinu að menntamálunum en frumkvæði STF í þeim málum, m.a. með þátttöku í stjórnendanáminu, hefur vakið athygli. „Við þurfum að vera vakandi í menntamálum og sérstaklega endurmenntun því þar getur stjórnandinn uppfært þekkingu sína og tækni til að verða enn hæfari í starfi Stjórnendanámið okkar er fyrir löngu búið að sanna gildi sitt og eins þurfum við að vera vakandi og halda því uppfærðu í takt við þróunina á vinnumarkaðnum. Við höfum á að skipa öflugum fólki sem heldur utan um þetta fjöregg okkar og ég treysti starfsfólki Simenntunar Háskólans á Akureyri afar vel til að vernda það og styrkja.“

Stjórnendamenntunina geta menn sótt sér í 100% fjarnámi og segir Jóhann að menn finni glögglega að bæði



atvinnurekendur og félagsfólk í aðildarfélögum STF sé afar ánægt með það hvernig til hefur tekist. „Þetta er mjög hagnýtt nám, byggt upp í lotum þar sem m.a. er tekist á við mismunandi aðstæður sem geta komið upp á vinnustöðum og þannig fæst góð sýn á rekstur fyrirtækjanna, starfsmannastjórnun o.fl. Ég hvet alla til að skoða þátttöku í þessu námi.“

### Stærri félög – aukin þjónusta

Jóhann segir að í sínum huga leiki ekki vafi á að Samband stjórnendafélaga sé nú sterkara en nokkru sinni fyrr og að mikill hugur sé í félagsmönnum að styrkja sambandið enn frekar. Það, hvernig málum skuli háttað til framtíðar sé í deiglu einstakra aðildarfélaga og í höndum félagsmanna.

„Hvernig sem þau mál skipast þá vil ég sjá aukna samvinnu og samstarf félaga á milli, hvort sem þau eru færri eða fleiri. Mér finnst skynsamlegt að sameina sum minni félaganna í öflugri heildir en þá þarf líka að gæta þess að slíta ekki félagsleg tengsl á landsbyggðinni. Aðalatriðið er að halda áfram að fjölga félagsfólki og auka þjónustu við það enn frekar. Þar sé ég fyrir mér sameiginlegan iþróttasjóð, orlofssjóð o.fl. Félögin þurfa að samræma sig og vinna betur saman því samvinna er eins og við vitum forsenda árangurs.“ ■



Sterkt félag með öflugan sjúkrasjóð, fjölbreytt stjórnendanám og einstaklega aðgengilegt starfsfólk sem er vel í stakk búið að aðstoða.

Andri Lindberg Karvelsson  
vörustjóri hjá Tengli

Samband   
stjórnendafélaga



## Ný stjórn STF

Á nýafstöðnu sambandsþingi STF var að venju kjörið í stjórn sambandsins en þar eiga sæti fulltrúar allra aðildarfélaganna. Kosið var á milli 3ja frambjóðenda til forestaembættisins og hlaut Jóhann Baldursson afgerandi kosningu. Fráfarandi forseta, Skúla Sigfúsi Sigurðssyni voru þökkud hans störf í þágu sambandsins en hann tók þátt í störfum þingsins í gegnum fjarfundabúnað.

Stjórn STF stillti sér upp til myndatöku að loknu sambandsþingi en í stjórninni eru þessi: Jóhann Baldursson forseti, Skúli Björnsson varaforseti, Viðar Þór Ástvaldsson gjaldkeri, Kjartan F. Salómonsson ritari, Einar Óskarsson, Einar Már Jóhannesson, Rögnvaldur Örn Snorrason, Hildur H Zoega Stefánsdóttir, Kristján Sveinsson, Kári Kárason, Sveinn Guðjónsson og Sigurður H. Harðarson. ■

# Stutt og hnitmiðað þing



Þingfulltrúar uppteknir við að hlusta og sjá.

**39. Sambandsþingi STF var haldið á Grand Hótel í Reykjavík 11. september síðastliðinn. Á þingið mættu 59 þingfulltrúar frá öllum aðildarfélögum STF ásamt starfsmönnum sambandsins og fleirum.**

Þingið var í styttra lagi þetta árið og útskýrist það helst af Covid varúðarráðstöfunum. Þótti vissara að vera ekki að bjóða uppá aðstæður sem myndu skapa hættu á sóttkví og smitum. Því var ákveðið að þingið yrði vinnu- og afgreiðsluþing.

Helstu málin sem þurfti að leysa úr var kosning um laga-breytingar frá laganefnd STF og voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Þá var einnig forseta-kjör og voru þrír frambjóðendur í kjöri og hlaut Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF flest atkvæði. Skúla Sigurðssyni, fráfarandi forseta var þökkuð störf með lófataki en hann hefur gegnt embættinu frá árinu 2015.

Við látum nokkrar myndir frá þinginu tala sínu máli. ■



Tæknin er stundum til trafala. Viðar og Eyþór leystu úr málnum.



Niðursokknir fundarmenn glugga í gögnin og fylgjast með.



Þeir Gunnlaugur Árnason og Jón Ólafur Vilhjálmsson stýrðu fundi og fórst það vel úr hendi.



Á þinginu var fundarmönnum skipt upp í starfshópa.




Stirðir limirnir voru hristir öðru hvoru!

Ný bók

# Sjávarplássið Dalvík



Dalvík var ein af stærstu verstöðvum síldaráranna.



**D**að á við um Dalvík, líkt og alla sjávarbæi á landinu, að eiga sína sögu og einkenni. En þegar litið er yfir söguna í heild þá er ekki ofmælt að mikil farsæld hafi fylgt sjávarútveginum hér í gegnum tíðina,“ segir Jóhann Antonsson á Dalvík en á dögnum kom út bók hans, Sjávarplássið Dalvík, þar sem hann gerir sögu útgerðar, vinnslu fiskafurða og ýmsu öðru í sjávarútvegs sögu bæjarins ítarleg skil í yfirgripsmiklu verki.

## Síldarbærinn Dalvík

Síldararinn eru stór þáttur í sögu sjávarplássins Dalvíkur enda var þar mikil síldarverstöð á þeim árum og bærinn þriðji stærsti síldarbær á Íslandi þegar best lét. Aðeins Siglufjörður og Raufarhöfn voru stærri. En síldin kom og síldin fór. Jóhann segir að það hafi tekið nokkurn tíma að finna fóttfestu í sjávarútvegi á Dalvík eftir að síldin hvarf en þá tók meðal annars við mikil uppbygging frystihússins á Dalvík sem Kaupfélag Eyfirðinga stóð að. KEA varð á sínum tíma langstærsti atvinnurekandinn á Dalvík og þar var þungamiðja sjávarútvegsrekstrar félagsins alla tíð. Útgerðarfélag Dalvíkinga var stofnað árið 1959 og keypti það tvo svokallaða „tappatogara“ frá Austur-Þýskalandi sem fengu nöfnin Björgvin og Björgúlfur. Alls komu tólf slík togskip hingað til lands og reyndust sterkbyggð, öflug og góð sjóskip. Togarnir tveir léku stórt hlutverk í síldveiðunum en urðu ekki síður mikilvæg undirstaða í uppbyggingu frystihússrekstrarins á Dalvík í kjölfar síldaráranna. Síðan komu skuttogararnir og áframhaldandi uppbygging allt til þeirrar hátækni-

vinnslu og togaraútgerðar sem Samherji hf. stendur að baki í dag.

## Frumkvöðlastarf í rækjuveiðum og -vinnslu

Í bók sinni gerir Jóhann einnig skil fjölmörgum einstaklingsútgerðum og fjölskyldufyrirtækjum sem eru snar þáttur í sögu sjávarplássins Dalvíkur, sem og þjónustufyrirtækjum í sjávarútvegi sem tilheyra þessari merku sögu. Óhætt er að segja að hvað þekktast þeirra sé Sæplast hf. En það eru líka áhugavert að sjá hversu fram-sæknir Dalvíkingar hafa verið í sjávarútvegssögunni.

„Þar má nefna tvö atriði sem marka Dalvík mikla sérstöðu. Annars vegar voru það rækjuveiðar í úthafinu og starfræksla rækjuvinnslu, sem hvort tveggja var mikið frumkvöðlastarf. Hitt atriðið er útgerð Lofts Baldvinssonar EA og gullaldarár skipsins á veiðum í Norðursjó 1970-1975. Sú útgerð var af þeirri stærðargráðu að skipverjar á Lofti Baldvinssyni voru um árabil tekjuhæstu sjómenn Íslands, sem segir mikið um stærðargráðuna,“ segir Jóhann.

## Þátttakandi í sjávarútvegi

„Það auðveldaði mér mikið í þessu verki að hafa sjálfur verið þátttakandi í þessari þróun í sjávarútvegi hér á Dalvík, t.d. í kringum rækjuveiðnaðinn og þekkja þannig hugsunarháttinn í greininni. Mín von er að lesendur hafi gaman af.“ ■



# Hágæða vinnuföt

**mikið úrval**

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



 DUNDERDON

**Snickers** WORKWEAR vinnuföt fást einnig í


**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

Mikið úrval af öryggisvörum



**Verkfæri og festingar**

Opið: 8-18 virka daga – 10-12 laugardaga

HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • hagi@hagi.is • hagi.is •  Hagi ehf HILTI

Innlit í Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki

# Fjörusandi umbreytt í há

Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki hóf starfsemi árið 1985 og hefur síðan verið langstærsti framleiðandi einangrunar á Íslandi. Fyrirtækið er með um 90% markaðshlutdeild hér á landi. Framleitt er á þrískiptum vöktum og segja þeir Stefán Logi Haraldsson framkvæmdastjóri og Magnús Sigfússon, sölu- og markaðsstjóri, að framleiðslan sé óðfluga að nálgast þann topp sem var í framleiðslu steinullar árið 2007.

Stofnun Steinullarverksmiðjunnar og staðsetning hennar á Sauðárkróki var á sínum tíma pólitískt átakamál en ríkissjóður stóð að baki stofnun verksmiðjunnar ásamt m.a. Sauðárkróksbæ, SÍS og fjölda smærri hluthafa í héraði. Í dag er verksmiðjan í helmingseigu Kaupfélags Skagfirðinga en Byko og Húsasmiðjan eiga hvort sinn fjórðungshlut í fyrirtækinu. Starfsmenn eru um 40 talsins en auk staðlaðrar framleiðslu á tugum vörutegunda er mikið um sérframleiðslu fyrir viðskiptavini.

„Sem dæmi um þróunina þá byrjuðum við að framleiða þakull með áföstum vindpappa árið 1993. Þá var 180 millimetra þakeinangrun algengust en er í dag er komin upp í 220 millimetra þykkt. Að mínu mati er ekki spurning hvort heldur hvenær Íslendingar þurfa að fara að átta sig á að eingangra hús sin enn meira til að spara


orku eins og frekast er kostur. Þó við séum með ódýrt heitt vatn þá eigum við að leggja áherslu á að spara það og nýta orkuna sem best,“ segir Magnús.

## Steinefnin brædd með rafskautum

Steinullarverksmiðjan byggir sína framleiðslu nánast alfarið á innlendum hráefnum sem eru fjörusandur úr Skagafirði og skeljasandur úr Faxaflóa en við þessi meginhráefni er blandað ólivínsandi frá Noregi og súráli. Nefna má til fróðleiks að frá stofnun verksmiðjunnar hafa verið tekin um 260.000 tonn af fjörusandi á Borgarsandi við Sauðárkrók til framleiðslunnar, án nokkurra ummerkja.

Hráefnin eru brædd í rafskautaofni við tæplega 1600 gráðu hita og síðan er fljótandi bráðinni blásið með spunavél í steinullarþræði sem mynda ullina. Hún er síðan hert í hersluofni og þannig hefur fljótandi sandur í þessu framleiðsluferli ummyndast í hágæða einangrunarull með fjölpætta eiginleika hvað varðar hita-, hljóð- og brunapól.

Fyrirtækið selur afurðir sínar fyrst og fremst á innanlandsmarkaði en hefur einnig flutt á erlenda markaði um árabíl, aðallegar til Færeyja, Bretlands og Þýskalands. Út-



Framleiðsla Steinullarverksmiðjunnar nálgast nú óðum það sem hún hefur mest orðið sem var árið 2007. Hér eru þeir Magnús Sigfússon, sölu- og markaðsstjóri, og Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri, við vörubrettin sem bíða þess að fara til viðskiptavina.

# gæða einangrun

flutningurinn er nokkuð stöðugur, um og yfir 50 þúsund rúmmetrar á ári, en innanlandsmarkaður er nú um 130 þúsund rúmmetrar á ári. Hámarki náði framleiðslan árið 2007 þegar hún var um 240 þúsund rúmmetrar í heild.

## Vottanir og umhverfisverðlaun

Stefán Logi segir að Steinullarverksmiðjan leggi mikla áherslu á að uppfylla kröfur og vottanir til framleiðslu sem þessarar og í því sambandi nefnir hann að fyrirtækið fékk umhverfisverðlaun Samtaka atvinnulífsins árið 2015, fyrst íslenskra fyrirtækja. Þá er það eina íslenska fyrirtækið með EPD umhverfisfirlýsingu, þar sem er skjalfest hvert kolefnisspor framleiðsluvörunnar er í gegnum allan framleiðsluferilinn og allt þar til varan er komin í hendur viðskiptavina á Íslandi eða erlendis.

„Við erum að framleiða vottaða hágæðaframleiðslu úr íslensku hráefni með endurnýjanlegri innlendri orku, kolefnislosun er lítil og úrgangur sömuleiðis og síðast en ekki síst þá spara okkar afurðir á líftíma sínum margfalda þá orku sem þarf til framleiðslunnar sem aftur skilar samdrætti í kolefnislosun. Það er í mínum huga eitt allra stærsta atriðið í ávinningi af starfseminni og fá fyrirtæki sem geta státað af slíku,“ segir Stefán Logi.

## Uppsöfnuð þörf á markaðnum

Aðspurður segir Stefán Logi að samkeppni sé fyrst og fremst við aðra innflutta einangrunarkosti; steinull, glerull og loks sé talsvert um innflutning á húsum í einingum eða ósamsett þar sem einangrun fylgi. Þrátt fyrir hrunárin og Covid faraldurinn hefur verið stífgandi í framleiðslu verksmiðjunnar á undanförunum árum sem Stefán Logi segist ekki sjá fyrir endann á.

„Frá aldamótum hefur verið mikil áhersla á nýbyggingar á byggingarmarkaðnum fremur en viðhaldshlutann. Það á við um hið opinbera, sveitarfélögin og einstaklinga. Þess vegna tel ég að nú sé að koma í ljós mikil uppsöfnuð viðhaldsþörf, samhliða aukningu í nýbyggingunum sem er líka uppsöfnuð þörf frá árunum eftir hrun þegar lítið var byggt. Síðan hefur endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis skipt miklu þannig að samanlagt sjáum við áhrifin birtast í vaxandi eftirspurn eftir okkar framleiðslu,“ segir Stefán Logi en einn af þeim kostum sem hann segir á borðinu til framtíðar er að stækka verksmiðjuna og auka framleiðslugetuna. Til viðbótar við vaxandi innanlandsmarkað segist hann fullviss um tækifæri á erlendum mörkuðum. „Ég er viss um að nú um stundir eru tækifæri erlendis því það vantar alls staðar ull. Þannig er staðan.“ ■



Steinullarverksmiðjan á Sauðárkrúki hóf starfsemi árið 1985.

# Hef haft gaman af

Rætt við Kristján Sveinsson, formann Jaðars – félags stjórnenda

Á undanförunum árum hefur orðið sú þróun í sambandinu að félögum hefur fækkað og ég held að þeim eigi enn eftir að fækka. Staðreyndin er sú að í nútíma samfélagi er æ erfiðara að virkja sjálfbærliða til starfa og því hafa verkefni á sviði samningagerðar, orlofsmála, menntunar og aðstoðar vegna veikinda eða slysa færst í auknum mæli frá einstökum félögum yfir til skrifstofu sambandsins í Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Hún er því stöðugt að styrkjast sem þjónustumiðstöð stjórnenda um land allt,“ segir Kristján Sveinsson, formaður Jaðars – félags stjórnenda á Akranesi.

## Mörg járn í eldi

Kristján Sveinsson fæddist á Akranesi árið 1949. Hann gekk í Barnaskólann á Akranesi og lauk prófi frá Samvinnuskólanum á Bifröst 1969. Að loknu námi réð Kristján sig fyrst sem fulltrúa hjá Samvinnubankanum á Akranesi og starfaði síðan hjá Samvinnutryggingum til ársins 1987. Þá hóf hann störf hjá Oliufélaginu hf., var svæðisstjóri á Vesturlandi og viðskiptastjóri þar og síðan viðskiptastjóri hjá N1 frá stofnun fyrirtækisins til áramóta 2018-2019 að hann lét af störfum. Með þessum

störfum var Kristján umboðsmaður Samvinnuferða – Landsýnar um skeið og rak ásamt eiginkonu sinni, Sigrúnu Höllu Karlsdóttur, íþróttavöru- og leikfangaverslunina Óðin ehf. á Akranesi um 15 ára skeið.

Samhliða þessu hefur Kristján verið „upp fyrir haus“ í félagsmálum eins og hann kemst að orði. Hann hefur komið víða við; sat í bæjarstjórn Akraness á árunum 1998-2006 og gegndi þar ýmsum stjórnarstörfum hjá stofnunum og nefndum bæjarins og var í stjórn Hjúkrunar og dvalarheimilisins Höfða um 12 ára skeið og í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins sama árafjöldi. Kristján sat í stjórn Knattspyrnufélags ÍA og í knattspyrnuráði ÍA til fjölda ára og var sæmdur gullmerki Knattspyrnufélags ÍA og silfur- og gullmerki KSÍ fyrir störf á vettvangi íþróttanna. Þá hefur Kristján verið formaður Jaðars frá 2012 og í stjórn STF frá 2013. Hann á nú sæti í stjórn Búmannanna og í sóknarnefnd Akraness- og Saurbæjarprestakalls svo fátt eitt sé nefnt. Loks má nefna að Kristján hefur lengi starfað í Oddfellow hreyfingunni eða tæplega hálfu öld.

Kristján Sveinsson, formaður Jaðars – félags stjórnenda.  
„Það hefur gefið mér mikla lífsfyllingu að fá tækifæri til að starfa með ungu íþróttafólki upp á Skaga.“

STJÓRNENDAFÉLAGIÐ  
JAÐAR - AKRANESI



# félagsmálunum

## Mikill efniviður á Skaga

„Ég hef haft gaman af þessu félagsmálástússi og í raun lifað og hræst í félagsmálunum. Það er mikilvægt að fólk gefi sig í það að sinna slíkum störfum, sérstaklega í litlum samfélögum. Það sem hefur gefið mér mest er að fá tækifæri til að vinna með skemmtilegu og skapandi fólk og um leið að láta vonandi eitthvað gott af sér leiða til samfélagsins.“

Kristján spilaði fótbolta í yngri flokkunum með ÍA og var mikill markaskorari, en hætti að æfa í kjölfar veikinda. Hann fór þá í félagsstörf in í fótboltanum og hefur starfað sleitulaust fyrir boltann síðan. „Það hefur gefið mér mikla lífsfyllingu að fá tækifæri til að starfa með ungu íþróttafólki upp á Skaga. Við höfum upplifað sæta sigra og síðan verri tímabil inn á milli en hjá Skagamönnum er mikinn efnivið að finna sem á eftir að taka til sín í boltanum á næstu árum.“

## Félag á gömlum merg

Verkstjórafélag Akraness var stofnað 16. febrúar 1947 og verður því 75 ára á næsta ári. Árið 2011 tók það upp nafnið Jaðar – félag stjórnenda og eru félagsmenn um 100 talsins í dag. Starfssvæði félagsins er frá Hvalfjarðarsveit að Borganesi.

Stofnfélagar Verkstjórafélags Akraness voru 17 talsins og segir í fundargerð að þar með væru allir verkstjórar á Akranesi komnir í félagið nema einn. Flestir félagsmenn voru starfandi í fiskvinnslu, við höfnina á Akranesi og hjá vaxandi fjölda iðnfyrirtækja. Guðmundur Finnbogason var kjörinn fyrsti formaður félagsins sem gekk fljótlega í Verkstjórasambandið eða 21. júní 1947. Við spyrjum Kristján um helstu verkefni Jaðars og hvort þau hafi breyst að ráði í gegnum árin frá því hann tók við formennskunni.

„Eftir að samningamál og annað slíkt fór í hendur sambandsins hefur starfsemin hjá okkur mikið til snúist um orlofshúsið og rekstur þess. Félagið hafði á 9. áratugnum komið sér upp orlofshúsi í Húsafelli en það var selt all-löngu síðar og keyptur húsbíll og hjólhýsi til afnota fyrir okkar félagsmenn. Um 2010 keyptum við nýreist orlofs-hús í landi Kambshóls í Svinadal en það er um 90 m<sup>2</sup> og

hefur reynst okkur afar vel. Talsverður tími hefur farið í að sjá um viðhald á þessari eign og úthluta tímum til félagsmanna. Með þátttöku okkar í Frímanni eru úthlutanir orðnar sjálfvirkar en viðhaldinu þurfum við auðvitað áfram að sinna. Það er stundum annasamt en alltaf skemmtilegt og ekki undan nokkru að kvarta í þeim efnunum.“

## Félagsmennirnir ráða þessu

Við spyrjum Kristján að lokum út í framtíðina á vettvangi félagsins og hvort þess sé að vænta að félagsmenn kjósi frekari sameiningar. „Já, ég held að þróunin verði sú að félögumun muni enn fækka. Við í stjórn Jaðars höfum samþykki félagsfundar fyrir því að taka þátt í viðræðum um hugsanlega sameiningu félaganna á svæði sem spannar Norðvesturkjördæmi, þ.e. Stjórnendafélags Norðurlands vestra, Stjórnendafélags Vestfjarða, Stjórnendafélags Vesturlands og Jaðars. Til hvers þær viðræður leiða er of snemmt að tala um en auðvitað eru það félagsmennirnir sem ráða því hvernig þeir vilja skipa sinum hagsmunamálum,“ segir Kristján Sveinsson að lokum. ■



Ég er í stjórnendafélaginu því það er traust félag með góða styrki og mjög öflugan sjúkrasjóð.

Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir  
deildarstjóri farþegaþjónustu Airport Associates

Samband  
stjórnendafélaga

# Hvað grandaði Hans Hedtoft?

Ekkert hefur spurst til Grænlandsfarsins sem fórst í jómfrúarferð sinni með manni og mús kaldan janúardag árið 1959. Gátan um hvað varð um skipið er enn óleyst.

Éitt frægasta sjóslys sögunnar varð þann 14. apríl 1912 þegar hið glæsta farþegaskip Titanic fórst í sinni jómfrúarferð og 1635 manns fórust. Þegar skammt var til hafnar rakst þetta risaskip á ísjaka úti fyrir ströndum Nýfundnlands á leið sinni til New York og sökk eftir nokkurra stunda dauðastríð. Færri vita af sjóslysi sem varð tæplega hálfri öld síðar þegar Grænlandsfarið Hans Hedtoft rakst á ísjaka í Norðurhöfum 30. janúar 1959 og sökk í djúpið. Orsakir þessa ægilega slyss eru enn ókunnar og aldrei hefur spurst til þeirra 95 manna sem með því fórust. Bæði skipin voru í jómfrúarferðum sínum, bæði voru þau talin ósökkvandi og bæði rákust á ísjaka og sukku í kjölfarið.

## Öryggismál í öndvegi

Hans Hedtoft var farþega- og vöruflutningaskip, 2.800 brúttórúmllestir að stærð og í alla staði mjög vel útbúið. M.a. var það styrkt til þess að sigla í is og vatnsþétt skilrúm áttu að varna því að það sykki þótt gat kynni að koma á einum stað á skipið. Um borð voru þrjár 35 manna björgunarbátar, tveir 20 manna og fjórir 12 manna gúmmibjörgunarbátar með sjálfvirkum neyðarsendum. Öryggismálin voru því í öndvegi og raunar mun meira

lagt upp úr þeim í þessu skipi en áður hafði þekkt. Það dugði ekki til.

Ms. Hans Hedtoft sem nefnt var í höfuðið á fyrrum forætisráðherra Dana, lagði upp í hina örlagaríku ferð frá Kaupmannahöfn þann 7. janúar 1959 og var ferðinni heitið til Julianehåb á Grænlandi þar sem nú heitir Qaqortoq. Um borð voru 40 í áhöfn og 55 farþegar – fullorðnir og börn. Meðal farþega var danski þingmaðurinn Augo Lyng. Sjóferðin til Grænlands gekk afar vel og þótti sjóhæfni skipsins öldungis frábær. Eftir að hafa lestað í Qaqortoq lá leiðin til fleiri bæja á Grænlandi og síðan hófst heimferðin til Kaupmannahafnar að kvöldi dags 19. janúar 1959. Var siglingin tíðindalaus þangað til 30. janúar að fór að gefa á bátinn. Skipstjóri á Hans Hedtoft var Poul L. Rasmussen, þaulreyndur siglingum á þessum slóðum og hafði verið í Grænlandssiglingum í þrjá áratugi. Stýrimaður skipsins var Hans Richard Jacobsen frá Klaksvík í Færeyjum og var hann í brúnni þegar ógæfan dundi yfir.

## „Erum að sökkva...“

Um kl 14:00 þennan dag barst skeyti frá Hans Hedtoft þar sem tilkynnt var að skipið hefði rekist á borgarísjaka um



Hans Hedtoft leggur í hinstu för frá Qaqortoq. Enginn hinna 40 áhafnar meðlima og 55 farþega áttu afturkvæmt.

Hans Hedtoft var glæsilegt farþega- og kaupskip í eigu dönsku Grænlandsverslunarinnar.



20 sjómílu suðaustur af Hvarfi, syðsta odda Grænlands. Rúmum klukkutíma síðar barst neyðarkall frá skipinu og tilkynnt að það væri umlukið borgarísjökum og væri að sökkva. Þýski togarinn Johannes Krüss frá Bremerhaven, sem var staddur um 25 sjómílu frá Hans Hedtoft nam neyðarkallið og sigldi strax í átt að skipinu. Var áhöfn hans í stöðugu sambandi við Hans Hedtoft í um þrjár klukkustundir og fóru a.m.k. 15 orðsendingar á milli skipanna. Áhöfn togarans gerði sitt besta til að komast á slysstaðinn og lagði sig í mikla hættu við að sigla innan um borgarísinn. Ferðin sóttist hins vegar seint og náði Johannes Krüss aldrei að komast að Grænlandsfarinu. Klukkan 17:41 bárust síðustu skilaboðin frá Hans Hedtoft: „Við erum hægt og bitandi að sökkva“ og um 25 mínútum síðar barst síðasta SOS-merkið frá skipinu. Þegar togarinn var staddur nokkrum sjómílum sunnan við síðustu staðar-ákvörðun Hans Hedtoft, veittu skipsmenn athygli braki í sjónum sem þeir töldu vera brot úr borðstokki Grænlandsfarsins. Ekkert annað fannst.

Ljóst var að þetta sterka og ósökkvandi skip hafði lotið í lægra haldi fyrir borgarísnum þrátt fyrir að hafa verið sérstaklega hannað til þess að sigla í ís. Svo kaldhæðnislega vildi til að togarinn Johannes Krüss mætti sömu örlögum á svipuðum slóðum í febrúar árið 1967 og fórust allir sem voru um borð. En það er önnur saga.

### Björgunarhringur í Grindavík

Í viðtali við dagblaðið Politiken nokkru síðar sagði loftskreytamadur þýska togarans að það hefði komið skipverjum mjög á óvart að Hans Hedtoft skyldi þagna svona skyndilega og hverfa með öllu. „Það er okkur öllum hér um borð hinn mesti harmur, að hafa ekki getað komist nógu fljótt á slysstaðinn. Samkvæmt þeim skeytum, sem við fengum, héldum við, að Hans Hedtoft gæti haldist á floti langtum lengur en raun bar vitni. Ég verð að lýsa aðdáun minni á loftskreytamanni Grænlandsfarsins. Hann hélt áfram að senda morsskeyti á neyðarsendinn með hinni stökustu rósemi til hins síðasta. Hann sendi nákvæm

merki og gaf staðarákvarðanir og ekki í eitt einasta skipti mátti merkja flaustur eða ótta. Síðasta skeytið kom klukkan 21:40. Það var skeytið um að skipið væri að sökkva, en andartaki síðar bárust okkur tvö langdregin morsmerki. Svo virtist, sem rafgeymir neyðarsendisins væri genginn til þurrðar en einnig getur þetta hafa stafað af því, að sjórinn hafi fossað inn og stöðvað loftskreytamanninn ...“

Strax hófst umfangsmikil leit að Hans Hedtoft. Auk skipanna Johannes Krüss og færeyska togarans Fiskanes hófu leitarflugvélar sig á loft frá Keflavík, Thule á Grænlandi og Nýfundnalandi og sveimuðu yfir slysstaðnum án árangurs. Þá voru nokkur fleiri skip send til leitar og lónuðu þau fram og til baka um hafsvæðið í von um að eitthvað kynni að finnast sem gæti útskýrt afdrif Hans Hedtoft. Allt kom fyrir ekki. Ekkert fannst. Löngu eftir að leit var hætt eða í byrjun október 1959, fannst þó björgunarhringur merktur Hans Hedtoft, rekinn á land við Grindavík. Hringurinn er það eina sem eftir er af þessu glæsta skipi.

### Ráðgátan enn óleyst

Frá þeim örlagaríka degi sem Hans Hedtoft hvarf í djúpið hafa verið gerðir út nokkrir leiðangrar án árangurs til að finna flak skipsins sem menn eru vissir um að hvíli á um tveggja kílómetra dýpi 20 sjómílu suðaustur af Hvarfi. Síðast var þetta hafsvæði skannað nákvæmlega haustið 2007 þegar varðskipið Vædderen, sem Íslendingar kannast vel við, fór skipulega yfir svæðið. Vísindamenn um borð reyndu með nákvæmum mælitækjum að finna einhver merki um skipið, en allt kom fyrir ekki.

Allt frá þessu dularfulla slysi hafa menn sett fram tilgátur um orsakir þess. Ein er sú að við höggð á ísjakann hafi suða í byrðingi skipsins gefið sig en plötur í skrokki þess voru soðnar saman en ekki hnoðaður. Önnur tilgáta er sú að ísjakinn hafi rekist á skipið aftanvert og gert gat á byrðinginn og skilrúm á milli hólfna gefið sig. ■



**BERG** FÉLAG STJÓRNENDA  
NORÐURLANDI EYSTRA

Rögnvaldur Örn Snorrason, formaður stjórnar Bergs, félags stjórnenda á Norðurlandi eystra.

Berg, félag stjórnenda á Norðurlandi eystra 80 ára

# Markmiðið er að fjölga félagsmönnum

**B**erg, félag stjórnenda á Norðurlandi eystra varð 80 ára í byrjun árs. Félagið var stofnað 26. janúar árið 1941. Saga félagsins er farsæl og vilji þeirra sem því stýra standur til að halda áfram á þeirri góðu braut.

Rögnvaldur Örn Snorrason er formaður stjórnar Bergs og hefur hann verið formaður félagsins frá 2017. Nafn félagsins var við stofnun þess Verkstjórafélag Akureyrar og nágreiniss en var breytt árið 2012 í Berg félag stjórnenda Norðurlandi eystra. Félagssvæði þess er Norðurlands eystra, frá Fjallabyggð í vestri og til Langanesbyggðar í austri. Félagsgjaldið hjá Bergi er eitt hið lægsta sem tíðkast hjá stéttarfélögum. Skrifstofa Bergs, félags

stjórnenda, er staðsett á Glerártorgi, 2. hæð og er hún opin þrjá daga í viku, þrjár klukkustundir í senn.

## Margt í boði

Rögnvaldur segir að félagsmenn séu að mestu leyti úr hópi stjórnenda og þeirra sem gegna ábyrgðarstöðum innan fyrirtækja, einyrkja og þeirra sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi. Einnig sé félagið fyrir verktaka sem starfa innan fyrirtækja og starfsmenn án mannaforráða í sértækum og sérhæfðum verkefnum. Það má því segja að Berg sé alvöru stéttarfélag lykilstarfsfólks í fyrirtækjum. Um það bil 360 manns eru í félaginu um þessar mundir og segir Rögnvaldur að tæplega 300 séu virkir

félagsmenn. „Okkar markmið er að efla félagið og reyna að fá fleiri til liðs við okkur. Þó okkur hafi gengið þokkalega með það síðustu misserin, þá má hvergi slaka á í því. Við vitum að félagið hefur upp á margt eftirsóknarvert að bjóða,“ segir hann. „Hjá okkur er boðið upp á einstaklingsbundna og persónulega þjónusta við félagsmenn, með því að halda úti rekstri skrifstofu innan félagssvæðisins.“

### Heilsu- og menntunarstyrkir nýtast vel

Berg býður félagsmönnum sínum upp á heilsustyrki, 30 þúsund krónur á hverju 12 mánaða tímabili. „Fólk er orðið mjög meðvitað um hvað heilsan skiptir miklu máli og æ fleiri stunda því einhvers konar hreyfingu til að halda sér í góðu formi og heilsunni í lagi,“ segir Rögnvaldur, en margir nýta styrkinn til að stunda einhverskonar hreyfingu með reglubundnum hætti, fara í líkamsrækt, sund, golf eða á skiði svo dæmi séu nefnd en valið er notendanna.

### Vatnsendi er vinsæll

Berg, félag stjórnenda á nýlega íbúð í Álalind í Kópavogi og er verið að standsetja aðra íbúð einnig við Álalind, sem brátt verður komin í útleigu til félagsmanna. Þá á félagið 317 ha jörð, Vatnsenda í Ólafsfirði og hefur komið

sér þar upp notalegum bústað. Segir Rögnvaldur að félagsmenn nýti sér þá kosti sem í boði er í ríku mæli, hvort heldur er að skjótast í höfuðborgina eða dvelja í Ólafsfirði. Vatnsendi sé vissulega utan alfararleiðar og þar sé gott næði. „Við höfum tekið eftir því að vinsældir þess að dvelja í þessum bústað núna í kóvíð ástandinu hafa aukist,“ segir hann. Félagið er þátttakandi í orlofsvefnum Frimann og innan hans eru í boði íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og bústaðir víða um land þannig að félagsmenn hafa úr mörgum kostum að velja.

### Gáfu gjöf í tilefni afmælisins

Berg fagnaði 80 ára afmæli sínu með því færa Hollvina-samtökum Sjúkrahússins á Akureyri 500 þúsund krónur að gjöf í nafni félagsmanna sinna. Rögnvaldur segir að ekki hafi verið svigrúm til að fagna áfanganum með veisluhöldum vegna ástands í samfélaginu af völdum kórónuveirunnar. Stjórnin hefði því ákveðið að minnast tímamótanna með því að styðja við gott málefni þess í stað. Það hefði verið vel til fundið að gefa til baka til samfélagsins og án efa hafi peningagjöfin komið sér vel, Hollvinir sjúkrahússins hafa fært stofnuninni fjölmargar og dýrar gjafir og þessir fjármunir hafi því komið í góðar þarfir. ■



Formaður Bergs í ræðustóli á nýafstöðnu sambandsþingi STF.

Átt þú heima í stjórnendafélagi?

# Fannst mikilvægt að hvert

Rætt við Árna Björn Árnason, fyrrverandi forseta Verkstjórásambandsins

Þetta var skemmtilegur og gefandi tími,“ segir Árni Björn Árnason um þann tíma sem hann gegndi formennsku í Verkstjóraráfélagi Akureyrar og nágrennis og var forseti Verkstjórásambands Íslands. Starfsferill hans á þeim vettvangi er langur og margvíslegur ávinn-ingur, sem til bóta er fyrir félagsmenn, náðist.

Árni Björn gekk í Verkstjóraráfélag Akureyrar og nágrennis árið 1971. Hann starfaði sem verkstjóri hjá Slippstöðinni á Akureyri en allir verkstjórar á þeim vinnustað sameinuðust um að skipta um stéttarfélag. „Ástæðan fyrir því að við gengum allir í Verkstjóraráfélagið var sú að tíðarandinn var með þeim hætti að tortryggni var mikil í okkar garð í þeim félögum sem við vorum í að okkur fannst. Það var lítið á verkstjóra sem eins konar njósnara atvinnurekenda,“ segir Árni Björn sem var orðinn gjaldkeri félagsins tveimur árum eftir inngöngu og gegndi hann því embætti til ársins 1983. Hann varð formaður Verkstjóraráfélagins árið 1984 og gegndi þeirri stöðu allt

til ársins 1995. Árið 2001 var hann gerður að heiðursfélaga síns félags.

„Það er margt eftirminnilegt frá þessari tíð,“ segir Árni Björn og nefnir m.a. að það hafi verið stór skref hjá Verkstjóraráfélaginu að taka þátt í byggingu verkalýðshúss við Skipagötu en þar eignaðist félagið í fyrsta sinn samastað. Þegar flutt var inn í húsið var opnuð þar skrifstofa með starfsmann í hálfu starfi, sem ekki hafði áður verið. „Starfsemin hafði áður farið fram heima hjá þeim sem stjórnðu félaginu hverju sinni og bókhaldið gjarnan í buxnavasa gjaldkerans, þannig að þetta varð allt annað líf en við áður þekktum,“ segir hann.

## Daglega baráttan snerist um launa- og kjaramál

Einnig nefnir hann að félagið hafi byggt sumarhús í Ólafsfirði, að Vatnsenda og þá jörð eigi félagið enn í dag. Þegar félagið varð 50 ára skrifaði Friðþjófur Gunnlaugs-



Árni Björn Árnason, fyrrverandi formaður Verkstjóraráfélag Akureyrar og nágrennis og forseti Verkstjórásambands Íslands.

# félag héldi sjálfstæði sínu

og fyrrum formann Verkstjórufélags Akureyrar og nágrennis

son skipstjóri sögu þess og var Árni Björn í ritstjórn. „Sumt af því sem gert er stenst tímans tönn og lifir með okkur, en oft snerist daglega baráttan um þessa hefðbundnu launa- og kjarabaráttu. Þessi tími sem ég starfaði hjá félaginu var skemmtilegur og gefandi og eftir á að hyggja hefði verið mikil synd að missa af honum,“ segir Árni Björn. „Ég stóð auðvitað ekki einn í þessu brasi, því fer fjarri, margir mætir menn komu að borðinu með mér og unnu ötullega að framgangi mála.“ Árni Björn segir að þegar hann horfi til baka til þessa tíma megi segja að hann hafi oft lent á oddinum, „því ég gat aldrei hamið á mér þverrifuna,“ segir hann en framgangur hans innan stéttarfélagsins hafi oft komið til í kjölfar þess að hann hafi látið hressilega til sín taka í ræðustól.

## Mikilvægt að félögin héldu sjálfstæði sínu

Árni Björn sat í stjórn Verkstjórásambands Íslands á árunum 1984 til 2001 þegar hann gaf ekki lengur kost á sér. Hann var kosinn varaforseti sambandsins árið 1989 og því starfi gegndi hann um 6 ára skeið, til ársins 1995, þegar hann var kosinn forseti. Hann var forseti Verkstjórásambandsins einnig í 6 ár eða til ársins 2001 og var gerður að heiðursfélagi þess árið 2003.

Verkstjórásambandið samanstóð af mörgum aðildarfélagum um land allt en verkstjórar innan aðildarfélaganna störfuðu við fjölbreyttar greinar atvinnulífsins hvarvetna um landið. Kvaðst Árni Björn alla tíð hafa lagt áherslu á að hvert og eitt félag héldi sínu sjálfstæði, t.d. varðandi fjárhag og orlofshús. „Þróunin var, fannst mér, vera í þá átt að öll völd voru að færast til Reykjavíkur og það fannst mér ekki góð þróun.“

## Ritstjóri Verkstjórans um árabíl


Launa- og kjaramál voru áberandi í starfsemi Verkstjórásambandsins, orlofshús og uppbygging þeirra um landið var einnig fyrirferðarmikil og þá nefnir hann að mikil umræða hafi á stundum orðið um hugsanlega sameiningu félaga, en mörg þeirra hafi verið fámenn með starfsemi í algjöru lágmarki. Sambandið gaf einnig úr ritið Verkstjóran og hafði Árni Björn einhvern tíma ekki getað leynt þeirri skoðun sinni að blaðið væri lélegt og mikil óvissa alltaf ríkjandi um hvort það kæmi yfirleitt út. Það var til þess að hann var munstraður ritstjóri blaðsins. Segist hann hafa haft gaman af því starfi, skrifað ótal greinar um fyrirtæki af öllu tagi en flest eigi þó sameiginlegt að tengjast sjó með einhverjum hætti. Margar af greinunum má enn lesa á heimasíðu Árna

Björns, aba.is. Hann var ritstjóri og ábyrgðarmaður Verkstjórans til fjölda ára, eða frá 1985 til 2012.

## Fékk stuðning allra aðilafélaga

„Það var mjög skemmtilegt að starfa hjá sambandinu, en kannski má segja að það hafi verið stórmerkilegt að ég hafi varið kosinn forseti þess, en áður hafði enginn utan höfuðborgarsvæðisins gengt þeirri stöðu. Félögin studdu mig öll með tölu og það var auðvitað ánægjulegt,“ segir hann. En Árni Björn er eini forseti þessa sambands utan af landi, ef frá er talinn einn maður sem flutti til Akureyrar og lauk seinna ári sínu með búsetu þar.

„Ég barðist með oddi og egg fyrir sjálfstæði aðildarfélaganna úti á landi og þegar ég kvaddi sambandið áttu flest félögin mann í stjórn, ólíkt því sem áður var þegar flestir stjórnarmenn voru af höfuðborgarsvæðinu. Annað sem var mér hugleikið og ég barðist fyrir var að samningar skyldu bornir upp til samþykktar eða synjunar í hverju félagi fyrir sig en áður hafði verið látið nægja að stjórnin samþykkti þá. Það tók nokkurn tíma, 10 ár að fá þessa breytingu í gegn og því ánægjulegra þegar það tókst,“ segir Árni Björn. ■



Stjórnendafélagið mætir öllum mínum þörfum. Það er með sterkan sjúkrasjóð, veitir góða heilsustyrki og er með frábæran menntasjóð og gott úrval af námi sem nýtist vel í starfi.

Heiða Björk Sigurðardóttir  
bókhald og innheimta hjá Ferro Zink

Samband  
stjórnendafélaga

Berg – félag stjórnenda 80 ára

# Fróðleikur um fyrstu

**V**erkstjórufélag Akureyrar og nágrennis, nú Berg – félag stjórnenda á Norðurlandi eystra, varð 80 ára 26. janúar sl. Tildrögin að stofnun félagsins voru þau að Jóhann Hjörleifsson, þáverandi forseti Verkstjórásambands Íslands, boðaði til fundar nokkurra verkstjóra á Akureyri 21. október 1940. Verkstjórásambandið hafði verið stofnað vorið 1938 og forsetinn á yfirreið til að hvetja til stofnunar fleiri félaga. Það skilaði árangri.

## Milli steins og sleggju

Undirbúningsfundur fór fram á Hótel Goðafossi og þar voru mættir 7 verkstjórar. Kosin var bráðabirgðastjórn og jafnframt ákveðið að boða til framhaldsstofnfundar, þegar lög og reglur fyrir félagið væru fyrir hendi.

Þegar til stofnfundar kom þann 26. janúar 1941 voru 14 verkstjórar mættir til leiks. Eftir að félagið hafði formlega verið stofnað var kosin stjórn svo skipuð: Formaður Júníus Jónsson, verkstjóri hjá Akureyrarbæ, gjaldkeri Friðrik Hjaltalín, verkstjóri hjá Skipaafgreiðslu Ragnars Ólafssonar á Akureyri og ritari Jón Marinó Benediktsson vegaverkstjóri. Fyrsta verkefnið var að kjósa 3ja manna nefnd „til að athuga með launakjör verkstjóra á félagssvæðinu,“ eins og lesa má af gögnum. Þetta varð og helsta verkefni félagsins næstu árin; að bæta kjör verkstjóra ásamt því að fá sem flesta stjórnendur til að ganga í félagið.

## Fyrst í Verkstjórásambandið

Verkstjórufélag Akureyrar og nágrennis sótti strax eftir stofnun inngöngu í Verkstjórásambandið og var beiðnin samþykkt þann 20. febrúar. Var félagið það fyrsta sem fékk inngöngu eftir að VSI var breytt í félagasamband.

Fundargerðarbækur frá fyrstu árum Verkstjórufélags Akureyrar eru því miður glataðar en af ýmsum gögnum má þó ráða að félagsstörfin voru fábrotin þótt félagsmenn hafi reynt að gera félagsskapinn lífrænni með því að koma saman og ræða þau mál, sem stéttina hefur mest varðað. Úti á vinnustöðunum var sem fyrr háð stéttastríð um kaup og kjör. Verkstjórar lentu þá oft á milli steins og sleggju; urðu að huga að eigin kjörum og réttarbótum en jafnframt vera hlutlausir í oft hatrömmum deilum atvinnurekenda og verkalýðsins. Því ríkti oft tortryggni í þeirra garð af hálfu beggja aðila.

## Barist fyrir tilverunni

Félagsmönnum í VAN fjölgaði nokkuð fyrstu árin og voru þeir 37 talsins árið 1948. Starfsemi félagsins náði sér illa á strik framan af vegna deyfðar félagsmanna og oft fáir á fundum. Afturkippur kom þegar verkstjórar hjá Akureyrarbæ gengu úr félaginu við upphaf 6. áratugarins. Þrátt fyrir mótlætið var enginn bilbugur á þeim sem í upphafi höfðu trúað á að slíkt félag ætti sér framtíð.



Fyrsta stjórn Verkstjórufélags Akureyrar og nágrennis. Frá vinstri Júníus Jónsson formaður, Jón Marinó Benediktsson ritari og Friðrik Hjaltalín gjaldkeri.



# skrefin



Alþýðuhúsið á Akureyri. Þar rak félagið skrifstofu frá 1986 í eigin húsnæði um árabil. Nú er skrifstofa félagsins til húsa á Glerártorgi.



Stjórnin á 50 ára afmælinu 1991. Aftari röð frá vinstri: Hrafn Hauksson meðstjórnandi, Magnús Þorsteinsson ritari og Haukur Kristjánsson gjaldkeri. Fremri röð frá vinstri: Sigurhörður Frímannsson varaformaður og Árni Björn Árnason formaður.

Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis háði harða varnarbaráttu fyrir tilveru sinni fyrstu árin. Forsvarsmenn SÍS á Akureyri, KEA og bæjarstjórnar Akureyrar voru tregir að viðurkenna félagið sem réttmætan viðsemjenda um kaup og kjör sinna verkstjóra. Þótt fyrir lægi að kjör verkstjóra hjá þessum aðilum væru oft á

tiðum lakari en samningar Verkstjórasambandsins og Vinnuveitendasambandsins kváðu á um, voru menn tregir að ganga í félagið.

Þáttaskil urðu árið 1957 þegar forráðamenn SÍS lýstu þeirri skoðun sinni að verkstjórar hjá sambandinu þyrftu

## Desemberuppbót 2021

**Desemberuppbót á að greiða út í síðasta lagi 15. desember ár hvert.**

Samkvæmt kjarasamningi við SA er uppbótin á almenna markaðnum og ríkinu 96.000 kr. miðað við fullt starf. Desemberuppbót hjá Faxaflóahöfnum hf. og Orkuveitu Reykjavíkur er í ár 111.300 kr. og starfsmenn Reykjavíkurborgar eru með uppbót upp á 106.100 kr. Sveitarfélögin í landinu greiða 121.700kr. í desemberuppbót þetta árið.





Núverandi stjórn Bergs, frá vinstri: Rögnvaldur Örn Snorrason, Aðalbjörn Pálsson, Hörður Erlendsson, Þorvaldur Vestmann, Ingibjörg Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Rannveig Hansen Jónsdóttir.

ekki að vera í stéttarfélagi. Verkstjórar hjá fyrirtækinu voru á annarri skoðun og töldu sig hafa fullan rétt á að vera í Verkstjórafélagi Akureyrar og nágrennis og vinna þá eftir launataxta sem VSÍ hafði samið um við vinnuveitendur á landsvisu. Gengu allmargir verkstjórar hjá SÍS í félagið sem eflidist við þessa raun. Margir þeirra unnu í öflugum iðnaðarfyrirtækjum sem sprottið höfðu upp á Akureyri á þessum árum.

### **VAN vex fiskur um hrygg**

Húsnæðisleysi stóð félaginu á Akureyri fyrir þrífum og voru stjórnarfundir einatt haldnir á heimilum stjórnarmanna. Ýmsar réttarbætur náðust þó fram, m.a. sjúkurbætur og hávæer krafa um stofnun lífeyrissjóðs. Þá voru fræðslumálin ofarlega á baugi.

Upp úr 1970 fjölgaði mjög félögum í Verkstjórafélagi Akureyrar og í desember gengu í félagið á einum fundi 16 verkstjórar iðnaðarmanna, langflestir úr Slippstöðinni hf. Iðnaðarmennirnir gerðu sig brátt mjög gildandi og var t.d. Árni Þorláksson skipasmiður gjaldkeri frá 1971-1974 þegar Árni Björn Árnason vélvirki tók við hans starfi og síðan formennsku frá 1984-1995. Þá var hann kjörinn forseti Verkstjórásambandsins sem hann gegndi til ársins 2001

Með eflingu félagsstarfsins óx félaginu auðvitað fiskur um hrygg og eignaðist m.a. eigið skrifstofuhúsnæði árið 1985.

### **Orlofshús á Kanarí?**

Um miðjan sjöunda áratuginn var samið um sérstakt 0,25% af launum en með því mundi flýtt fyrir því að draumurinn um orlofshús félagsmanna gæti ræst. Umræða um þessi mál hafði risið á árunum þar á undan og má nefna að á aðalfundi Verkstjórafélags Akureyrar og nágrennis 4. apríl 1965 er stjórn félagsins falið að „athuga möguleika á að koma upp hvíldar- og sumarheimili fyrir verkstjóra á góðum og fögnum stað.“ Fram komu ýmsar hugmyndir um staðsetningu slíks húss en jafnframt horfðu akureyskir verkstjórar til suðlægarí landa. Á aðalfundi félagsins vorið 1966 er þeim tilmælum beint til stjórnar VSÍ að hún taki til athugunar lóðakaup undir væntanlegt orlofsheimili verkstjóra á eyjunni Fuerteventura í Kanaríeyjaklasanum.

### **Vatnsendi kemur til sögu**

Rætt var um jarðakaup innan lands næstu árin og 1970 dró til tíðinda. Jörðin Vatnsendi í Ólafsfirði var til sölu og ákveðið að gera tilboð í hana. Í ársbyrjun 1971 var svo gengið frá kaupum á Vatnsenda og fylgdi jörðinni íbúðarhús og það sem fylgja ber. Þar með varð Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis fyrsta félagið innan VSÍ til að koma sér upp orlofshúsi. Sennilega má rekja til þessa að á næstu árum fjölgaði mjög í félaginu og tvöfaldaðist félagatalan næsta áratuginn.

Ýmsar endurbætur voru gerðar á húsakosti á Vatnsenda næstu árin, m.a. byggður nýr inngangur í húsið og hugað að nýtingu hitaveitu. Mikil ásókn var í að fá að dvelja á jörðinni og varð fljótlega sýnt að auka yrði við húsa-



Bústaður félagsins í Vatnsenda í Ólafsfirði er hinn glæsilegasti og allt umhverfið hið besta til orlofsdvalar.

kostinn. Vorið 1980 er samþykkt á aðalfundi að kaupa annað orlofshús á jörðina og var það tekið í notkun um sumarið. Það var svo árið 2012 sem félagið reisti nýtt íbúðarhús á Vatnsenda í stað þess gamla sem þar hafði verið frá upphafi. Að auki á félagið glæsilega íbúð við Álalind 3 í Kópavogi og þá er verið að standsetja aðra við Áland 20.

#### Félag í blóma

Nafni Verkstjófafélags Akureyrar og nágrennis var breytt í Berg – félag stjórnenda á Norðurlandi eystra árið 2012. Félagssvæðið er frá Ólafsfirði í vestri til Þórshafnar í austri. Félagið starfar innan vébanda Sambands Stjórnendafélaga eins og það hefur gert frá árinu 1941 þegar það gekk í sambandið, fyrst allra. Félagsmenn eru nú um 360 talsins. ■

**Hitaveiturör Stál**

**Hitaveiturör Pex flextra**

**Kaldvatnsrör**

**Ídráttarrör**

**Stál tengi**

**Pex tengi**

**Intakspéttingar**

**Lokar Tengir Mælar**

**Lokar**

**ISRÖR** Hringhella 12 221 Hafnarfjörður 565 1489 isror@isror.is ISRÖR SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OKKAR INN Á ISROR.IS

# Áskoranir framtíðarinnar eru margar

Rætt við Eyþór Ólaf Frímannsson, mennta- og kynningarfulltrúa STF

Það sem hefur komið mér mest á óvart við eftir að ég hóf störf hjá STF er hvað starfið er skemmtilegt og fjölbreytt. Mig langar fyrst og fremst að hrósa þeim frábæru starfsfélögum sem ég hef fengið að vinna með. Við erum ótrúlega heppin að eiga svona flott fólk sem er að starfa fyrir okkur hvort sem það er á skrifstofu STF eða starfsfólk og stjórnir aðildarfélaganna,“ segir Eyþór Ólafur Frímannsson, en hann var ráðinn til starfa sem kynningar- og menntafulltrúi STF sl. sumar. Hann er Skagamaður og hefur setið í stjórn Jaðars á Akranesi.

## Allir að gera sitt besta

„Það er margt mjög jákvætt sem aðildarfélögin og sambandið hafa komið í verk á heilli öld. Í samskiptum við fólk um land allt fæ ég því alls konar ábendingar og ráðleggingar. Ég heyri að það sem langflestir eru ánægðir með eru okkar sameiginlegu réttindi og sjóðir þar sem



Stjórnendafélagið er með góðan sjúkrasjóð og menntasjóð. Svo er þjónustan svo frábær.

María Alma Valdimarsdóttir  
afgreiðslustjóri Sæferða

Samband  
stjórnendafélaga



Á nýafstöðnu þingi STF flutti Eyþór áhugavert erindi um kynningarstarfið á vegum sambandsins.

félagsmenn fá sömu þjónustu þvert á búsetu og óháð því í hvaða félagi þeir eru í. Þar getum við verið ánægð með okkur því þar sem samstaða hefur orðið um ákveðin mál hefur þjónustan við félagsmanninn aukist. Við höfum verið að gera skoðanakannanir sem styðja þetta,“ segir Eyþór enn fremur.

Við spyrjum Eyþór út í reynslu hans af því að starfa í stjórnendafélagi og hvernig hún nýtist honum í störfum fyrir sambandið. „Mín sýn á umhverfi STF og aðildarfélaganna hefur breyst nokkuð frá því að ég sat í stjórn Jaðars á Akranesi. Þá var heimurinn örlítið minni en hann er í dag og fókusinn var mest á að þjónusta vel bústaðinn okkar í Svínadal og við höfðum rödd innan stjórnar STF eins og önnur félög. Þegar maður fær tækifæri á að skoða heim sem er stærri sér maður þó að áherslurnar eru mjög svipaðar hjá öllum aðildarfélögum með örlitlum blæbrigðamun. Skoðanir innan félaganna eru vissulega mjög misjafnar og það auðveldar mér að geta skilið allar hliðar á málum. Við þurfum að muna að



# Allt mögulegt fyrir öryggið

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálmum, vinnu- og öryggisfatnaði ásamt svo miklu, miklu fleira.

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

allir sem kosnir hafa verið til embætta í okkar þágu eru að gera sitt besta fyrir okkur.“

### Margt á döfinni í kynningarmálum

Eyþór Ólafur segir mikil sóknarfæri vera í kynningarmálum STF og margar frábærar hugmyndir verið ræddar og sumar komnar til framkvæmda. Hann segir að heimasíða STF sé í endurskoðun og stefnt á að hún verði klár fyrir árslok.

„Við höfum verið með markaðsátak í samvinnu við einstök félög þar sem við höfum birt auglýsingar með ljósmyndum af einstaklingum sem lýsa því af hverju þeir eru í stjórnendafélagi. Þá tókum við þátt í Mannauðsdegnum í Hörpu í haust og var það athyglisverð reynsla. Margir komu og kaktu á básinn þar sem ég og Stefán Guðnason, kennslustjóri í stjórnendanáminu, vorum til svara. Þá höfum við birt greinar í bæjarblöðum um land allt og lokuðum svo hringnum með birtingu greinar á mbl.is og Morgunblaðinu. Því miður hafa fyrirtækjaheimsóknir nær alveg þurrkast út í heimsfaraldri og ég

iða í skinninu að getað farið út af örkinni til að kynna betur félagsskapinn okkar. Þá munum við nýta okkur samfélagsmiðla meira í framtíðinni við að koma upp lýsingum um okkur áleiðis.“

Eyþór vikur að lokum talinu að starfi félaganna og skipulagi sambandsins: „Áskoranir framtíðarinnar eru vissulega margar. Til að mynda er sjálfböðavinna í félagsstörfum að líða undir lok. Þar þurfum við að finna lausnir til að halda uppi gæðum í vinnu stjórnanna og viðhaldi á orlofshúsum. Líklega þarf að launa störf til að yfirvinna þá hindrun og spurning hvernig það verður útfært. Stærð félaganna sjálfra er líka áskorun. Það er jú svipuð vinna sem fer fram í 100 manna félagi og í 500 manna félagi. Við höfum séð sameiningar félaga á síðustu misserum og munum líklega sjá fleiri í framtíðinni. Skoða þarf það með opnum hug á hverjum tíma og verðum við að treysta því að við sameiningar verði til stærri félög sem ná til fleiri nýrra einstaklinga ásamt því að þjónustustigið hækki.“ ■



Rögnvaldur Snorrason, formaður Bergs tekur við verðlauninum úr hendi Skúla Björnssonar, varaformanns STF og Hildar Zoega Stefánsdóttur, formanns Verkstjórafélags Vestmannaeyja.

## Mest fjölgun hjá Bergi

Á þingi sambandsins sl. haust voru að venju veitt verðlaun fyrir fjölgun félagsmanna frá síðasta þingi og hlaut þau að þessu sinni Berg – félag stjórnenda á Norðurlandi eystra. Fjölgunin á tímabilinu var 18,6% sem er frábær árangur. Brú félag stjórnenda í Reykjavík var í öðru sæti með 11,5% fjölgun. Bikarinn verður því á Akureyri fram að næsta þingi.

Rögnvaldur Snorrason formaður tók á móti verðlauninum og hélt tölu þar sem m.a. kom fram það álit hans að í raun ætti að leggja þessi verðlaun af til einstakra félaga en vinna betur að því að sækja fram á landsvísu og styrkja samvinnu félaga á milli. ■

# Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga




Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrífavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

**Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi**



Þéttlistar fyrir lestarlúgur og vatnspétt skilrúm



**GÚMMÍSTEYPA  
Þ. LÁRUSSON EHF.**



Hér má sjá tvo starfsmenn Reykjalundar taka á móti gjöfinni frá STF.


## Gjöf frá STF til Reykjalundar

STF hefur haldið í þá hefð að gefa gjöf til heilbrigðisstofnunar á þingári. Þing er haldið á tveggja ára fresti og hefur sá hátturinn verið hafður á að gefa veglega gjöf til heilbrigðisstofnunar á því svæði sem þing STF er haldið.

Í tilefni af þinginu í Reykjavík 2021 var ákveðið að gefa 7 fartölvur á Reykjalund. Vegna COVID hefur reynst erfitt að afhenda formlega gjafirnar með tilheyrandi athöfn. En við vitum að tölvurnar eru komnar í notkun og er það okkar von að þær eigi eftir að létta starfsfólki Reykjalundar og skjólstæðingum þeirra lífið um ókomna tíð. ■

## Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu.



 Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

**Donna**

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)





# Allt fyrir öryggið!

Öryggisvörur, fatnaður og öryggiskór

*Við veitum vinnustöðum og einstaklingum faglega og sérhæfða ráðgjöf.*

*Við finnum bestu lausnina fyrir þig!*

**DYNJANDI**

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | [dynjandi.is](http://dynjandi.is)

# Stjórnendafélögin og formenn þeirra



## Brú, félag stjórnenda

Skipholti 50d, 105 Reykjavík  
Sími 562-7070 – Fax 562-7050  
Netfang: bfs@bfs.is Veffang: www.bfs.is  
Formaður: Sigurður Haukur Harðarson  
Krókamýri 50, 210 Garðabæ  
Símar: 565-6518/777-4777  
Netfang: selmasiggi@simnet.is



## Berg félag stjórnenda

Glerártorgi 2.hæð 600 Akureyri  
Sími 568-3000  
Netfang: bergfs@bergfs.is  
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason  
Kotabyggð 49, 606 Akureyri  
Sími 853-0253  
Netfang: timoteus61@gmail.com



## Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi  
Formaður: Egill Örn Sigbórsson,  
Sími 553-5040  
Veffang: www.vsfh.is  
Netfang: egillorn89@gmail.com



## Stjórnendafélag Austurlands

Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði  
Símar 474-1123 / 864-4921  
Netfang: sta@sta.is  
Formaður félagsins: Benedikt Jóhannsson,  
Ystadal 3, 735 Eskifirði  
Símar 476-1463 / 864-4963 / 470-6000  
Netfang: benni@eskja.is



## Stjórnendafélagið Jaðar

Pósthólf 50, 300 Akranesi  
Formaður: Kristján Sveinsson,  
Vallarbraut 4, 300 Akranesi  
Sími 660-3286  
Netfang: kristjansveins@gmail.com



## Stjórnendafélag Suðurlands

Austurvegur 56, 800 Selfossi  
Sími 480-5000 Fax: 480-5001  
Netfang: stjornandi@stjornandi.is  
Formaður: Viðar Þór Ástvaldsson, Lóurima 14,  
800 Selfoss  
Sími 863-1971  
Netfang: vidarastv@gmail.com



## Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastigur 15, 340 Stykkishólmur  
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir  
Sími 863-8256  
Netfang: vfst@simnet.is



## Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.  
Sími 843-9053  
Netfang: hz@isfelag.is



## Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal  
Sími 863-3871  
Formaður: Sveinn K. Guðjónsson, Heiðarbraut 7,  
410 Hnífsdal  
Símar 456-3831 / 863-3871 / 450-4616  
Netfang: skg@frosti.is



## Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ  
Sími 421-2877 - Fax 421-1810  
Netfang: stjornsud@stjornsud.is  
Formaður: Einar Már Jóhannesson,  
Stekkjagötu 85, 260 Reykjanesbæ  
Sími 845-1838



## Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárasón,  
Sími 844 5288  
Netfang: kari@vilko.is



## Samband stjórnendafélaga, STF

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi  
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140  
Veffang: www.stf.is  
Netfang: stf@stf.is  
Forseti og framkvæmdastjóri: Jóhann Baldursson

# Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og 44 þéttbýliskjarna auk hita- og fjarvarmaveitna á fimm stöðum á landinu.

# Við styrkjum útgáfu STF-tíðinda



## STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

Austurvegi 56, 800 Selfoss  
Sími 480 5000  
Netfang: stjornandi@stjornandi.is  
www.stjornandi.is



## Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Keflavík  
Formaður Einar Már Jóhannesson  
Sími 421 2877 - GSM 845 1838  
Heimasíða: vsts.is  
Netfang: stjornsud@stjornsud.is



## Brú félag stjórnenda

Hlíðasmára 8, 2. hæð, 201 Kópavogur  
Sími 562-7070  
Netfang: bfs@bfs.is  
Veffang: www.bfs.is  
Skrifstofa félagsins er opin  
virka daga frá kl. 9-14



## Stjórnendafélags Austurlands

Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði  
Heimasíða: sta.is  
Netfang: sta@sta.is  
Formaður Benedikt Jóhannsson  
GSM 864 4963 - benni@eskja.is



## Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal  
Formaður Sveinn K. Guðjónsson  
GSM 863 3871



## Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Hlíðasmára 8, 2. hæð, 201 Kópavogur  
Formaður Egill Örn Sigþórsson  
Netfang: egillorn89@gmail.com



**STJÓRNENDAFÉLAGIÐ  
JAÐAR - AKRANESI**

Pósthólf 50 - 300 Akranes  
Formaður: Kristján Sveinsson  
GSM 660 3286  
Netfang: stjanisveins@gmail.com



**STJÓRNENDAFÉLAG  
NORÐURLANDS VESTRA**

## **Stjórnendafélag Norðurlands vestra**

Formaður: Kári Kárason  
GSM 844 5288  
Netfang: kari@vilko.is



**STJÓRNVEST**  
STJÓRNENDAFÉLAG VESTURLANDS

## **Stjórnendafélag Vesturlands**

Skólastígur 15, 340 Stykkishólmi  
Sími 864 8852  
Formaður: Unnur María  
Rafnsdóttir GSM 863 8256  
Netfang: vfst@simnet.is



## **Verkstjórafélag Vestmannaeyja**

Formaður: Hildur H Zoega Stefánsdóttir.  
Sími 8439053  
Netfang: hz@isfelag.is



**BERG** FÉLAG STJÓRNENDA  
NORÐURLANDI EYSTRA

## **Berg félag stjórnenda**

Glerártorgi 2.hæð 600 Akureyri  
Sími 568-3000  
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason  
Netfang: bergfs@bergfs.is



## **Samband stjórnendafélaga**

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi  
Símar 553-5040 / 553-0220  
Netfang: stf@stf.is  
Veffang: www.stf.is

# KROSSGÁTAN

H. E.	Stóran fisk	Hárs Keyrðu	Veibar- farið Samt.	A lit Bandvet	Fugl	Oddi	Svefn- farirn- ar	Raul Sér- stakar	Húsdýr Leikhús	Loft- tegundin stofn	Gróður Neyta	Döpur
Fiskur					2.							
Eldsneytið himi Mann						>				>	3.	
Eins Níca Slöu		>					>					
Eddi Gamalt Sjóða Starf	1.				Rustann Eldfjalli		4.	v			v	
					>				v			
Hægja		v		v		Gróða Rúm Tónar	7.			>		
Ljómáði Eða Gagn Tönn Þekkjast Bilun			v		5.	>			>			>
								8.	>			6.

# SUDOKU

			1			9		
	6	4					1	
				2			3	
8			9		4			
	4			3	5		2	9
6			4	9		7		2
9				6				5
	8	7	3					6

								6
	4	8	2					
	2	9		7	3			1
7			1	9				
		2					6	
3	1	4			8	5		
				3				8
8	3			5				4
							9	

Í Sudoku er þrautin fölginn í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9.

Í hverri níu reita línu (láréttri og lóðréttri) eiga allar tölurnar einnig að birtast og má aldrei tvítaka neina þeirra.



# Öflugur hreinsibúnaður




Háprýstistöðvar



Ryksugur



Gufudælur



Sópar



Háprýstidælur



**RAFVER** KÄRCHER SÖLUMENN  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

# Stólpi Gámar

## fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagördum 5 | 104 Reykjavík